

BSRB
25 ára
Afmælishóf
að Hótel Sögu

Í tilefni af 25 ára afmæli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja tók stjórn bandalagsins á móti gestum á Hótel Sögu á afmældisdaginn 14. febrúar s.l. Hóf þetta sátu 700—800 manns og voru þar m. a. ráðherrar, borgarstjóri og borgarráð Reykjavíkur, bæjarstjórar og fulltrúar bæjarstjórna utan Reykjavíkur, ýmsir embættismenn, fulltrúar stéttarféлага og félagsmenn innan B.S.R.B.

14. FEBRÚAR
1942
25 ÁRA
BSRB
14. FEBRÚAR
1967

Fjármálaráðherra, Magnús Jónsson, flutti innilegustu heillaóskir ríkisstjórnarinnar og tilkynnti, að hún hefði ákveðið að afhenda samtökunum til umráða vegna fyrirætlana um stofnun orlofsheimilis allt að 50 hektara úr landi prestsetursjarðarinnar Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd í svonefndum Móadal suðaustur af skógræktargirðingu Vatna-skógar. Útmælingu á landssvæði þessu skal gera síðar á þessu ári. Jafnframt skal fylgja umráðum þessum aðgangur að ca. ½ hektara á sjávarströnd jarðarinnar eftir nánari ákvörðun síðar í samráði við forráðaaðila jarðarinnar til notkunar í sambandi við bátaskýli og til skyldra afnota og fylgi umferðaréttur að staðnum.

Borgarstjóri Reykjavíkur borgar, Geir Hallgrímsson, flutti hamingjuóskir í nafni borgarinnar og tilkynnti að borgarráð hefði ákveðið á fundi sínum að gefa bandalaginu fyrirheit um lóð fyrir starfsemi sína í nýja miðbænum austan Kringlumýrarbrautar. Allir nánari skilmálar verða síðar settir við úthlutun ákveðinnar lóðar.

Skúli Þorsteinsson flutti ávarp fyrir hönd Sambands Ísl. barnakennara og Landssambands framhaldsskólakennara og færði bandalaginu að gjöf málverk af fyrsta formanni þess Sigurði Thorlacius skólastjóra, málað af Halldóri Péturssyni.

Magnús Jónsson, fjármálaráðherra
afhendir formanni B.S.R.B. bréf, þar sem
tilkynnt er um orlofsheimilalandið.

Geir Hallgrímsson, borgarstjóri
heilsar formönnum B.S.R.B. þeim
Kristjáni Thorlacius, Sigfinni Sigurðssyni
og Haraldi Steinþórssyni. (Ljós. Guðjón Einarsson).

Þórhallur Halldórsson færði B.S.R.B. heillaóskir frá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og tilkynnti að því mundi verða afhent málverk af Lárusi Sigurbjörnssyni, sem var fyrsti varaformaður bandalagsins og formaður síðar. Halldór Pétursson hefur einnig málað þetta málverk.

Ágúst Geirsson flutti kveðjur frá Félagi ísl. símamanna og Póstmannafélagi Íslands og afhenti fyrir þeirra hönd málverk af Þingvöllum eftir Svein Þórarinsson.

Guðjón B. Baldvinsson, deildarstjóri, sem átt hefur sæti í stjórn B. S. R. B. frá upphafi flutti ávarp og gaf bandalaginu fundarhamar áletraðan.

Guðlaugur Þórarinsson flutti árnaðaróskir og þakkir fyrir störf B.S.R.B. frá bæjarstarfsmannafélögum á Akranesi, Akureyri, Hafnarfirði Ísafirði, Keflavík, Kópavogi, Siglufirði og Vestmannaeyjum og afhenti að gjöf silfurbjöllu með filabeinshandfangi áletraða frá þessum bæjarstarfsmannafélögum.


Ingólfur Guðmundsson bar fram afmælisóskir frá Starfsmannafélagi stjórnarráðsins og afhenti útskorinn fundarhamar úr filabeini með áletrun B.S.-R.B. sem var í kassa úr íslenzku birki með fangamarki B.S.R.B.

Jón Sigbjörnsson flutti kveðjur frá Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins og afhenti B.S. R.B. veggskjöld gerðan úr leir



Guðjón B. Baldvinsson, sem átt hefur sæti í aðal- eða varastjórn B.S.R.B. frá upphafi, afhendir formanni áletraðan fundahamar.

Hér sést hluti af þeim gjöfum, er B.S.R.B. barst á 25 ára afmælinu. Í meðfylgjandi grein er skýrt frá öllum gjöfum og gefendum.



14. FEBRÚAR 1942 25 ÁRA BSRB

14. FEBRÚAR
1967

af listakonunni Steinunni Mar-teinsdóttur. Síðar sendi Starfs-mannafélag Ríkisútvárpsins bandalaginu segulbandsspólu með þeim ræðum sem fluttar voru í afmælishófinu.

Kristján Sigurðsson færði bandalaginu þakkir og heilla-óskir frá Lögreglufélagi Rvíkur og afhenti bókahníf með lög-reglumerkinu og áritun til B. S. R. B.

María Pétursdóttir þakkaði samvinnuna við Hjúkrunarfél-ag Íslands og afhenti B.S.R.B. að gjöf veggteppi handofið af Ásgerði Búadóttur.

Matthías Andrésson flutti hamingjuóskir frá Tollvarða-félagi Íslands og færði banda-laginu að gjöf málverk af Þing-völlum, sem Pétur Friðrik listmálari hefur málað.

Sverrir Júlíusson árnaði heilla fyrir hönd Starfsmanna-félags ríkisstofnana og afhenti að gjöf ræðustól frá félaginu.

Valdimar Ólafsson flutti heillaóskir frá Félagi flugmála-starfsmanna ríkisins og afhenti bandalaginu að gjöf vindlakassa úr silfri áletraðan.

Auk þess bárust blómakörfur og gjafir frá Alpýðusambandi Íslands, Bæjarstjórn Kópavogs-kaupstaðar, Ljósmeðrafélagi Íslands og Sambandi íslenzkra bankamanna.

Forseti Íslands, Ásgeir Ás-geirsson sendi afmælistveðjur og árnaðaróskir.

Kristján Thorlacius, formað-ur Bandalags starfsmanna rík-

ÁSGARÐUR

Skúli Þorsteinsson, form. Samb. ísl. barnakennara, og Ólafur S. Ólafsson, form. Landssamb. framhaldsskólakennara, afhenda formanni B.S.R.B. málverk af Sigurði Thorlacius, fyrsta formanni bandalagsins.

Setið við kaffiborð. Á myndinni má m. a. þekkja Jón Tómasson, stöðvarstjóra í Keflavík, Eysteín Jónsson, alþingismann, Eggert Þorsteinsson, félagsmálaráðherra og Agnar Stefánsson, fulltrúa.

is og bæja, þakkaði gefendum hinar góðu gjafir og hlýju kveðjur, sem bandalaginu höfðu borizt.

Bandalaginu bárust skeyti og heillaóskir frá eftirtöldum:

Áfengis og tóbaksverzlun ríkisins, Lyfjaverzlun ríkisins, Alþýðubandalaginu, Bandalagi háskólamanna, Bæjarstjórn Akraness, Bæjarstjórn Akureyrar, Bæjarstjórn Ísafjarðar, Bæjarstjórn Hafnarf., Bæjarstjórn Keflavíkur, Bæjarstjórn Vestmannaeyja, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi járníðnaðarmanna, Félagi menntaskólakennara, Hús-mæðraskóla Rvíkur, Kennarafélagi Flensborgarskóla, Landsambandi íslenzkra verzlunarmanna, Prestafélagi Íslands Ríkisútgáfu námsbóka, Ríkisútlarpinu, Sambandi íslenzkra sveitafélaga, Skólastjórafélagi Íslands, Starfsfólki pósts og síma Vestmannaeyjum, Starfsmannafélagi Akraneskaupstaðar, Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar, Starfsmannafélagi Vestmannaeyja, Stéttarsambandi bænda, Vitavarðafélagi Íslands, Verkamannafélaginu Dagsbrún, Aðalsteini Júlíus-syni, Filippusi Gunnlaugssyni, Gunnari Guðbjartssyni, Jakobi Frímannssyni, Gunnari Thoroddsen, Jóhannesi Nordal, Jóni Sigurðssyni, Marfusi Helgasyni, Otto B. Arnar, Rannveigu Þorsteinsdóttur, Sigurði Hauki Guðjónssyni, Sveinbirni Jónssyni og Torfa Hjartarsyni.

